

Á þessu sést, að orðið *Jól* var upphaflega nafn á miðsvetrarblóti heiðinna manna, og að nafnið á sér heiðnar rætur. Á þessari heiðnu hátíð streymdu menn að hofunum og var þá blótað hrossum og öðrum fórnardýrum, og slegið upp mikilli kjötveizlu og óspart drukkið, því að hver maður átti að hafa með sér öl svo mikið, sem þurfa þótti, ef honum var ekki beint boðið til Jólaveizlunnar. Orðið *höggunótt* er skylt sögninni *höggva* og dregur nafn sitt af fórnardýrunum, sem *höggvin* voru. Stundum er miðsvetrar nóttin kölluð *hökunótt*, en sú mynd virðist stafa af ónákvæmum framburði.

Það er vafasamt, hvort Hákoní konungi hafi tekist að læra heiðnu Jólin aftur, jafnvel líklegt, að sú ráðstöfun hans hafi að engu orðið eins og aðrar tilraunir hans að koma á kristninni. Hér á Íslandi má að minsta kosti telja víst, að Jólin hafi altaf byrjað á höggunótt í heiðnum sið, eða alt fram að árinu 1000, þegar kristni var lögtekin.

En hitt er víst, að kristna hátíðin erfði nafn gömlu heiðnu Jólanna bæði hér og annarstaðar á Norðurlöndum. Trúboðar þeirra tíma voru frjálssyndir í þesskonar smámunum og lofuðu nýgræðingunum kristnu að láta hátíðina halda hinu gamla, kæra og munntama nafni.

Flestar aðrar þjóðir nefna nú Jólin kristnu nafni, t. d. Þjóðverjar *Weihnachten* (þ. e. næturnar helgu), Frakkar *Noël* (þ. e. fæðingardagur, ɔ: Krists), Englendingar *Christmas* (þ. e. Kristsmessa).

Um tvær fornþjóðir germanskar vitum vér samt, að þær hafa kallað Jólin sama heiðna nafninu og vér Norðurlandabúar, en það eru Gotar hinir fornu og Engilsaxar.

Í broti af gotnesku almanaki er nóvember mánuður kallaður *fruma Jiuleis*. Fyrri orðið, *fruma*, er skilt forskeytinu *frum-* í íslenzku (t. d. í *frumburður*), og þýðir eiginlega *hinu fyrsti*, en í þessu sambandi táknar það „þann (ɔ: mánuð) sem fer næst á undan“, eins og t. d. *fruma sabbato* þýðir á gotnesku: „sá dagur sem fer næst á undan sabbatsdegi“. *Fruma Jiuleis* þýðir þá: „næsti mánuður á undan *Jiuleis*“, en *Jiuleis* er *Jólamánuður* og er alveg sama orðið og forna íslenzka mánaðar-